

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 79 31. des. 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu, og um hækkun á aflahlut og breytt fiskverð.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

1., 2. og 3. málsliður 3. gr. laga nr. 79 31. desember 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu, sbr. lög nr. 4 3. febrúar 1970 um breyting á þeim lögum, eru úr gildi felldir. Í stað orðsins „Kostnaðarhlutdeild“ í síðasta málslið 3. gr. sömu laga komi orðin: Greiðsla samkvæmt 2. gr.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og fellur greiðsla kostnaðarhlutdeildar samkvæmt 3. gr. laga nr. 79/1968 niður frá og með 1. ágúst 1971.

## Ákvæði til bráðabirgða.

Af þessu tilefni skal Verðlagsráð sjávarútvegsins endurskoða lágmarksverð það, er nú gildir. Hið endurskoðaða lágmarksverð skal gilda frá og með 1. ágúst 1971, og skal lágmarksverð á aðaltegundum fiskafans, þorski og ýsu, hækka um 18—19%, en aðrar fisktegundir eftir nánari ákvörðun Verðlagsráðs.

*Gjört í Reykjavík, 29. maí 1972.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Lúðvík Jósepsson.*

## L Ö G

um breyting á lögum um lífeyrissjóð sjómanna, nr. 78/1970.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Í stað 1. og 2. mgr. 15. gr. laganna komi nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:  
Nú andast sjóðfélagi, sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt hafði iðgjald til hans a. m. k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum, og lætur eftir sig maka, og á hann þá rétt á lífeyri úr sjóðnum, enda hafi hann verið orðinn 35 ára að aldri við fráfall sjóðfélagsans og hjónabandið staðið a. m. k. 5 ár.

Láti sjóðfélagi eftir sig ekkju og barn innan 18 ára aldurs, sem hann hefur átt með eftirlifandi eiginkonu sinni, skal þó makalífeyrir veittur án tillits til hjúskapartíma og aldurs sjóðfélaga og ekkju hans. Kjörbarn þeirra veitir sama rétt.

2. gr.

Í 1. málsg. 17. gr. laganna breytist „16 ára“ á tveimur stöðum í: 18 ára.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 29. maí 1972.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Halldór E. Sigurðsson.*

## AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, dr. Kristján Eldjárn, fór í dag til útlanda í einkaerindum.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Í forsætisráðuneytinu, 31. maí 1972.*

**Ólafur Jóhannesson.**

*Guðmundur Benediktsson.*

## LEIÐRÉTTING

Í endurútgáfu áfengislaga, nr. 82 2. júlí 1969, hefur 5. málsg. 28. gr. laganna fallið niður. Rétt 28. gr. er þannig:

Áfengisvarnaráð fer með yfirstjórn allra áfengisvarna í landinu. Það skal stuðla að bindindissemi, vinna gegn neyzlu áfengra drykkja og reyna í samráði við ríkisstjórn, áfengisvarnanefndir og bindindissamtök að afstýra skaðlegum áhrifum áfengisneyzlu.

Áfengisvarnaráð skal hafa umsjón með áfengisvarnanefndum, samræma störf þeirra og vera þeim til aðstoðar og leiðbeiningar í hvívetna. Það skal fylgjast sem best með áfengis- og bindindismálum og veita hlutlausar upplýsingar um þau til blaða og annarra aðila, er óska þeirra.

Umsagnar áfengisvarnaráðs skal jafnan leita, áður en reglugerðir samkvæmt lögum þessum eru settar. Álits þess skal einnig leita varðandi verðlagningu áfengis.

Að öðru leyti fer áfengisvarnaráð með þau störf, sem lög þessi ákveða.

Nánari ákvæði um störf áfengisvarnaráðs skulu sett í reglugerð.